

Ed.

## 286. Frumvarp til laga

[145. mál]

um, að ríkissjóður taki að sér að greiða gengistöp Ræktunarsjóðs Íslands og Byggingarsjóðs sveitabæja.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

### 1. gr.

Ríkissjóður skal greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands.

Greiðsluskylda ríkissjóðs náí til afborgana og vaxta sjóðanna af lánunum árin 1960 og 1961 og gildi síðan áfram, þar til lánunum er lokið.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp um, að ríkissjóður tæki á sig tiltekin erlend lán, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja, fluttu í fyrra sömu menn og þetta frumvarp flytja.

Það frumvarp fékkst ekki afgreitt.

Allir þingmenn, sem um það frumvarp ræddu, viðurkenndu þó, að starfsemi umræddra sjóða landbúnaðarins væri í hættu fyrir farg hinna erlendu lána, sem á þeim hvíla með miklu meiri þunga en áður sökum verðfellingar íslenzku krónunnar.

Nú hafa flutningsmenn breytt formi tillögu sinnar. Þetta frumvarp gerir ráð fyrir, að ríkissjóður greiði gengisskráningartap sjóðanna klippt og skorið. Ríkissjóður þarf þó ekki að leggja heildarupphæð gengistapsins út í einu lagi. Hann getur greitt gengistapið árlega í réttu hlutfalli við lánin og gjöld þau, er greiða þarf ár hvert til hinna erlendu lánardrottna.

Mun láta nærri, að hluti ríkissjóðs af árgjöldunum verði ár hvert:

1. Vegna Ræktunarsjóðs Íslands 8.5 millj. kr.
2. Vegna Byggingarsjóðs sveitabæja 2 millj. kr.

Lagt er til, að ríkissjóður greiði sinn hluta árgjaldanna 1960 og 1961 og svo eftirleiðis. Fjárlög gerðu að vísu ekki ráð fyrir þessum útgjöldum 1960 og 1961, og þau voru ekki heldur tekin á fjárlög liðandi árs. Þessu verður vitanlega ekki breytt. Hrökkvi tekjuafgangur þessara ára ekki til greiðslu árgjaldanna 1960—1962, benda flutningsmenn á þann vaxtalaus reikning, sem stofnaður var í nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum samkv. 5. gr. efnahagslaganna frá 19. febr. 1960, þar sem færa skal gengistöp ýmiss konar, sem ríkissjóður er ábyrgur fyrir.

Hvers vegna ætti ekki, ef með þarf, að nota þann reikning í þessu sambandi?

Samkvæmt efnahagsreikningi Seðlabankans 31. des. 1960 var skuld í þessum reikningi, sem nefndur er þar „Gengisreikningur ríkissjóðs“, kr. 191 242 306.53 í lok þess árs. Ýmislegt, sem greitt hefur verið úr þessum reikningi, er hliðstætt gengismun þeim, sem hækkaði við gengisfellingarnar 1960 og 1961 skuldir stofnlána-sjóða Búnaðarbankans.

Frá sjónarmiði flutningsmanna skiptir ekki höfuðmáli, hvaða greiðsluleiðir kunna að þykja hentugastar, þegar til framkvæmda kemur. Aðalatriði er, að létta verður tafarlaust fargi gengisfellinganna af Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja.